

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu			
Málsnr.	EVN 01010001	Ábm.	SDF
Dð.		Aðrir	JV
Mótt.		Svarfr.	
Aðis.		LVM	



FULLTINGI ehf
lögfræðipjónusta

Suðurlandsbraut 18 • 108 Reykjavík
Sími 533 2050 • Bréfsími 533 2060
Netfang fulltingi@fulltingi.is
Kt. 650886-1359 • Vsk.nr. 11370
Banki 120-26-202

Reykjavík, 25. júlí 2002.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu,
Fjármálaráðuneytinu,
Arnarhváli,
150 Reykjavík.

Tilkynning um áhuga á kaupum á kjölfestuhlut í BÍ:

Umbj. mínir, Eignarhaldsfélagið Andvaka, Ármúla 3, Reykjavík, Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar, Ármúla 3, Reykjavík, Fiskiðjan Skagfirðingur hf., Sauðárkróki, Kaupfélag Skagfirðinga svf., Sauðárkóki, Ker hf., Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, Samskip hf., Holtabakka, Reykjavík, og Samvinnulífeyrissjóðurinn, Kringlunni 7, Reykjavík, hafa falið undirrituðum lögmanni að rita þetta bréf. Tilefnið er auglýsing Framkvæmdanefndar um einkavæðingu þar sem lýst er eftir áhugasömum fjárfestum um kaup á a.m.k. 25% hlut í Búnaðarbanka Íslands hf. eða Landsbanka Íslands hf.

Ofangreindir umbj. mínir lýsa yfir áhuga á að kaupa a.m.k. 25% hlut í annað hvort í Búnaðarbanka Íslands hf. eða Landsbanka Íslands hf., hér eftir nefndir sameiginlega bankarnir. Umbj. mínir vilja leggja til grundvallar hugsanlegu staðgreiðslukaupverði markaðsverði hinna seldu hluta í bönkunum við móttöku þessarar tilkynningar auk hæfilegs álags með hliðsjón af því hversu stór hluti verður seldur.

Umbj. mínir ætla að fjármagna fyrirhuguð kaup, ef af verður, með því að ganga á eigið fé, sölu eigna og lántöku. Hlutur hvers einstaks umbj. míns í bönkunum mun ekki fara yfir 10% af heildarhlutafé bankanna, en nánari eignarhlutföll hafa ekki verið ákveðin milli umbj. minna. Fjárhagsstaða umbj. minna er sterk, eins og nánar verður gerð grein fyrir ef tilkynning þessi leiðir til viðræðna, en jafnframt er rétt að vekja athygli á að hlutafé Kers hf. er skráð í Kauphöll Íslands, þar sem ítarlegar upplýsingar liggja fyrir um félagið.

Um eignatengsl umbj. minna, þá skal upplýst að Ker hf. er eigandi tæp helmings hlutafjár í Samskipum hf. Stjórnunartrengsl eru eftirfarandi: Forstjóri Kers hf. er stjórnarformaður Samskipa hf. og Samvinnulífeyrissjóðsins. Forstjóri Samskipa hf. og framkvæmdastjóri Samvinnulífeyrissjóðsins eru stjórnarmenn í Keri hf.

Búnaðarbanki Íslands hf. er viðskiptabanki Fiskiðjusamliags Skagfirðinga hf. og Kaupfélags Skagfirðinga svf., en að öðru leyti eru viðskipti umbj. minna við bankann óveruleg og óregluleg. Landsbanki

Íslands hf. er viðskiptabanki annarra umbj. minna, sem þó hafa umtalsverð viðskipti við aðra hérlenda sem erlenda banka.

Fyrirsvarsmenn, stjórnarmenn og starfsmenn umbj. minna hafa verulega þekkingu og reynslu á fjármálamarkaði í tengslum við rekstur fyrirtækja sinna. Sérstaklega er þó hægt að vekja athygli á að Geir Magnússon forstjóri Kers hf. var bankastjóri Samvinnubanka Íslands hf. um langt árabil, og Þórólfur Gíslason, kaupfélagsstjóri, Kaupfélags Skagfirðinga svf., var bankaráðmaður í Búnaðarbanka Íslands hf. um skeið.

Umbj. mínir hafa uppi áform um óbreytta starfsemi bankanna, en þó með breyttum áherslum með hliðsjón af aðkomu nýrra stórra hluthafa. Náið samstarf og hugsanlega eignaraðild erlends banka að bönkunum kemur til greina.

Um leið og framangreindri tilkynningu er komið á framfæri, þá upplýsist að undirritaður mun hafa milligöngu um frekari upplýsingar ef óskað verður eftir og/eða koma á fundi með fulltrúum Framkvæmda- nefndar um einkavæðingu og umbj. mínum.

Virðingarfyllst,

K. V. S.
Kristinn Hallgrímsson hrl.